

EYSTRAHORN

44.tbl. 41. árgangur

21. desember 2023

www.eystrahorn.is



GLEÐILEG JÓL

GÍSLI SVERRIR ÁRNASON: STRÖNDIN Á HORNI 1873

Sjóslysanna miklu fyrir 150 árum minnst

Aðfaranótt 7. mars 1873 fórst fjöldi franskra fiskiskipa við Horn í Nesjum og víðar við Suðausturströndina í miklu óveðri. Heimilisfólk á Horni hlúði að þeim skipsbrotsmönnum sem komust lifandi í land og voru bændurnir tveir síðar heiðraðir af frönskum stjórnvöldum fyrir björgunarafrækið. Fjöldi Nesjamanna vann vikum saman að björgunartörfum, leit og greftrun sjómanna og björgun verðmæta úr skipunum. Þórbergur Þórðarson skrásetti frásögn af slysunum árið 1934 og birti í tímaritinu Dvöl. Hún kom síðar í bókinni Frásagnir í ritsafni Þórbergs. Í eftirfarandi samantekt sem rituð er til þess að minnst þessara atburða er aðallega stuðst við ritgerð Þórbergs en einnig dagbækur, bréf og aðrar heimildir.



Horn í Nesjum um miðja 20. öld, löngu eftir sjóslysin 1873. Ljósmyndir eru flestar frá Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Framan af fimmtudeginum 6. mars 1873 var hæg austanátt og skýjað loft á Suðausturlandi. Frá Horni, austasta bæ í Nesjum, sást til margra franskra fiskiskipa sem voru að handfæraveiðum skammt frá landi og rak skúturnar hægt suður með landinu undan austanáttinni. Á Horni var tvíbýli. Á öðrum bænum bjuggu Eyjólfur Sigurðsson timburmaður 44 ára bóndi og smiður og Guðleif Stefánsdóttir kona hans ásamt sex börnum og öðru heimilisfólki, samtals 11 manns. Meðal barna þeirra var Sigurður sem var 12 ára gamall þegar atburðirnir gerðust og varð síðar aðalheimildamaður Þórbergs Þórðarsonar um slysin og eftirmál þeirra. Í hinum bænum bjó Sigurður Snjólfsson 59 ára bóndi sem nýlega hafði misst konu sína, Halldóru Nikulásdóttur. Í heimili hans voru tíu.

Síðdegis þennan dag snerist vindur til suðausturs og fylgdi því nokkur snjókoma og dimma. Hurfu þá skipin sjónum fólksins. Skömmu fyrir miðnætti brast á sunnan eða suðvestan stormur með mikilli rigningu og algjöru dimmviðri. Undir morgun lægði vind og gerði hið besta veður.



Frönsk skúta að veiðum út af Eystrahorni nær aldamótum 1900.

Strandmanna verður vart

Við fótferð fólksins á Horni þann 7. mars varð vart við hóp sjómanna sem gekk áleiðis heim að bænum. Þeir voru átján talsins og virtust ekki óhressir að sjá, enda kom í ljós að þeir höfðu bjargað koniakskút og bragðað á honum á göngunni frá strandstað. Skip þeirra, *Fleur de Marie* (Mariublóm á íslensku) frá bænum Paimpol á Bretagneska í Frakklandi, hafði strandað við Stokksnes, lítið eitt vestan við bæina á Horni. Síðar um daginn bættust þrettán aðrir franskir sjómenn við hópinn sem fyrir var og var öllum þessum mönnum búinn staður í bæ Eyjólfss Sigurðssonar en heimilisfólkið þar flutti sig allt yfir í hinn bæinn, til Sigurðar Snjólfssonar. Var talið að þessir þrettán hefðu að mestu komið af öðru skipi, *L'Oiseau de mer* (Sjófugli) frá bænum Pontrieux skammt frá Paimpol, en það hafði rekið á Hornsfjörur, undan svokölluðu Miðskerri. En einn þeirra var þó jafnvel talinn hafa bjargast af þriðja skipinu, *Notre Dame des Dunes* (Heilög María frá Dunes) frá Paimpol sem brotnað hafði á Þinganeskerjum rétt austan við Hornafjarðarós og var sá eini sem komst af úr þeirri skipshöfn.

Hreppstjórnir Jón Jónsson í Hólum og Stefán Eiríksson í Árnanesi héldu strax og fréttist af ströndunum út að Horni og tóku við stjórn björgunarafræða. Voru þeir daglega á strandstöðum og gistu stundum á Horni þótt þröngt hafi verið á heimilunum tveimur eftir að skotið hafði verið skjólshúsi yfir skipsbrotsmennina. Jafnframt var sendur maður til þess að gera Árna Gíslasyni sýslumanni Skaftfellinga á Kirkjubæjarklaustri viðvart um ströndin.

Fljótlega kom í ljós að sjóslysin við Horn voru mun hörmulegri en fyrst var talið. Eitt skip, *L'Express* (Snarfari) hafði farist á svokölluðu Flataskeri skammt vestan Stokksness og annað, *Marie Joséphine* (hún var hefðarkona á Bretagne) rak upp í Hornsvík eða brotnaði á skerjum við Papós. Af þessum tveimur skipum komst enginn lífs af.

Hið mannskæða sjóslys hafði að vonum mikil áhrif á sjómennina sem komst lífs af. Þeir sáu á bak skipsfélögum sínum, jafnvel náskyldum. Frásögn af örlögum eina skipstjórans sem komst af var á þessa leið:

Allir skipstjórnir af skútum þessum fórust, að undanteknum skipstjóranum af *Fleur de Marie*. Hann komst heilu og höldnu í land og fylgdi skipshöfninni upp á fjöruna, er hún yfirgaf skipið. Þar kvaddi hann félag sína. Kvaðst hann hvorki eiga konu né börn, en þetta væri í þriðja skipti, sem hann biði skipbrot. Hvarf hann síðan aftur til skips, en þeir tóku að leita byggða. Síðar um daginn fundu þeir hann örendan á þilfari skipsins. Héldu menn, að hann hefði tekið inn eitru, því að á líkinu sáust engir áverkar. Þetta skip lá óskaddað uppi á klöppum til næsta flóðs, svo að ganga mátti þurrum fótum út í það. En með aðfallinu tók það að liðast í sundur og brotna.

Slösuðum sinnt og hinir látnu jarðaðir

Fáeinir skipverjanna sem komst af voru meiddir, mest þó tveir. Enginn læknir var í héraðinu en Guðmundur Eiríksson í Hoffelli, bróðir Stefáns hreppstjóra, hjálpaði einhverjum svo og séra Bjarni Sveinsson á Stafafelli í Lóni en þeir fengust báðir nokkuð við lækningar þótt ólærðir væru. Sá sjómanna sem lengst átti í sárnum sínum og dvaldi á Horni var þar fram í ágúst um

sumarið.

Strax daginn eftir skipsskaðana fór ýmsan varning að reka á fjörur auk braks úr skipunum sjálfum sem óðum brotnuðu á skerjum eða upp í fjöruborði. Ægði þar öllu saman „í þykkum röstum á fjörunum kringum Stokksnes skipsflökum, timburrusli, kóðlum, handfærum, seglum, matvælum og líkum“ var haft eftir Sigurði á Horni löngu seinna. Mikið rak einnig austur á Lónsfjörur. Þegar hófst söfnun líka sjómanna og smíði á kistum utan um þau. Meðal þeirra sem önnuðust smíðina var Jón Guðmundsson bóndi í Þinganesi. Vann hann í tvær vikur samfleytt með vinnumanni sínum við að slá saman líkkistur og luku þeir við tvær eða þrjár kistur á dag. Timbur var ófaanlegt í Papósverslun en nóg var af rekavið á fjörunum, sumt úr skipunum sjálfum. Þurfti að fletta trjánum í borð áður en hægt var að vinna úr þeim.

Fjörurnar voru nú eins og vígvöllur. Á fjörur Horns beggja vegna Stokksness rak 28 lík dagana eftir ströndin. Flestir manna munu hafa druknað í særötínu við ströndina en ekki farist vegna meiðsla því lítið sem ekkert sá á flestum líkanna. Föt þeirra voru einnig óskemmd og hirtu sjómennirnir sem björguðust fótin af hinum látnu löndum sínum en hjálpuðu heimamönnum um leið að koma líkunum upp á sjávarkamb.



Hjónin á Horni. Guðleif Stefánsdóttir og Eyjólfur Sigurðsson timburmaður með gullmedalíuna

Allir sem vettlingi gátu valdið í Nesjum unnu við björgunartörf. Í hlut sumra kom að annast flutning á líkum frönsku sjómanna áleiðis til kirkju í Bjarnanesi. Líkum sem ráku á Hornsfjörur, allt frá Horni að Hornafjarðarósi var safnað saman á staði á innanverðum fjörunum þar sem bátar gátu lagst að. Þaðan var róid með líkin inn að Árnanesi en þegar ekki varð lengra komist á bátum voru líkin flutt á hestum og reidd á kviktrjám að Bjarnanesi þar sem þau voru grafin.

Líkin rak flest upp dagana eftir strandið en fram eftir árinu var að finnast eitt og eitt lík á fjörunum. Séra Bergur Jónsson í Bjarnanesi jarðsöng „tíu strandmenn er fundust dauðir á ströndum þeim er ráku upp á Hornsfjöru“ þann 15. mars eins og segir í prestsþjónustubók, fjóra 16. mars, einn 27. mars, annan 29. mars, þriðja 4. apríl og loks rak eitt lík í desember og var jarðsett 12. þess mánaðar. Alls munu því 18 franskir sjómenn hafa fengið gróf í Bjarnanesi.

Fjöldagrafir á Stafafelli og í Holtum

Að minnsta kosti 38 lík rak á Lónsfjörur austan Horns báðum megin Bæjaróss og voru þau flutt jafnóðum á kviktrjám heim að Stafafelli þar sem líkin voru lögð niður á túnjöld austan við kirkjugarðinn og breitt yfir þau. Í flýti var slegið utan um líkin og voru kisturnar hafðar með hefðbundnu lagi sem þá var á líkkistum en

munurinn var að þær voru allar úr óhefluðum borðum. Tekin var stór gröf í útsuðurhorni kirkjugarðsins og voru frönsku sjómennirnir greftraðir þar hlið við hlið. Löngu síðar var reistur minningarsteinn á gröfinni.



Minningarsteinn í Stafafellskirkjugarði með áletruninni: *A la memoire des 38 marins francais morts a Nesfjörur le 6. mars 1873. Til minningar um 38 franska sjómenn er förust við Nesfjörur 6. mars 1873. Ljósm. Gunnar Stígur Reynisson.*

Sagnir eru um að tvö lík hafi rekið í Álftafirði og verið jarðsett að Hofi. Á Mýrafjörur, vestan Hornafjarðaróss rak einnig fjölda líka. Voru 18 sjómenn jarðsettir í fjöldagröf í kirkjugarðinum í Holtum og ekki er útilokað að fleiri hafi bæst við.



Hefill. Eitt af verkfærunum frá frönsku stjórninni

Nær allir skipbrotsmennirnir, 31 að tölu, dvöldu í baðstofu Eyjólfss Sigurðssonar á Horni í nokkrar vikur meðan þess var beðið að þeir hresstust til heimferðar og svo var ekki mikið um skipaferðir til útlanda frá þessu landshorni. Sjómennirnir lágu í öllum rúmunum sem voru í litlu baðstofunni en einnig á baðstofugólfinu og hafði heimilisfólkið borið inn hey til þess að mýkra yrði í fletum manna. Til viðurværis höfðu þeir ýmis matvæli sem rekið hafði úr skipunum og vildu þau frekar en íslenska sveitamatinn. Brauð fengu þeir einnig frá Papós.

Tvisvar í viku höfðu skipbrotsmennirnir stuttar helgiathafnir utandyra. Tóku þeir þá ofan höfuðfötin, sungu og einn las húslestur. Þeir voru þægilegir í viðmóti, ekki mjög glaðlegir en létu vel að börnunum á bænum. Voru í hópnum menn á ólíkum aldri, allt frá unglíngum upp í sextuga menn.

Sýslumaður heldur uppboð

Árni Gíslason sýslumaður kom að Árnanesi þann 19. mars og hélt út að Horni daginn eftir. Þótt skipin hefðu nú flest brotnað í spón var ýmislegt nýtilegt af því sem bjargast hafði á land og var nú boðið upp. Bændur í Nesjum munaði mest um mikið magn af góðum við sem þeir fengu á góðu verði og gátu notað mörg næstu ár í útihúsi sínu. En mikil vinna var við að rífa skipsflökin. Ýmislegt fleira en víður var svo boðið upp. Jón hreppstjóri í Hólum keypti meðal annars nokkrar tunnur



Hefilbekkur frá frönsku stjórninni

með hvítöli en Nesjamönnum þótti það heldur bragðdauft.

Mannlaust skip rak upp á Einholtsfjörur á Mýrum, vestan Hornafjarðaróss 21. mars. Hét það *Requin (Hákari)* og var frá hafnarborginni Dunkerque á norðvesturströnd Frakklands. Var talið að skipverjum þess hefði verið bjargað um borð í aðra franska skútu.

Ekki var von á vorskipi á Papós fyrir en um miðjan júní. Því varð að ráði að flytja strandmennina austur á Djúpavog í veg fyrir



Heiðurspeningur frönsku stjórnarinnar til Eyjólfss Sigurðssonar á Horni

skip til útlanda, alla nema þrjá. Tveir voru of veikburða fyrir ferðalagið og sá þriðji varð eftir til þess að annast þá. Tóku Nesjamenn, undir forystu hreppstjórnanna tveggja að sér að fylgja 28 mönnum fyrsta spölinn upp að Stafafelli. Þar gistu þeir í hlöðu séra Bjarna Sveinssonar og vildi hann það frekar en að lofa þeim að sofa í kirkjunni því síðast þegar

strandmenn fengu að gista þar skildu þeir eftir mikinn óþef í guðshúsinu. Var vel búið að frönsku sjómönnum í hlöðunni.

Á Stafafelli tók Jón Jónsson hreppstjóri í Byggðarholti við hópnum daginn eftir og hélt ásamt sveitungum sínum með mennina yfir Lónsheiði og alla leið að Hofi í Álftafirði þar sem séra Þórarinn Erlendsson var þá prestur. Hann hafði fyrrum verið prestur í Bjarnanesi. Sáú Álftrúðingar um að fylgja strandmönnum síðasta spölinn á Djúpavog þar sem þeir munu hafa komist í skip fljótlega sem flutti þá utan.


Hornsændur heiðraðir

Það er af þeim þremur sem eftir urðu á Horni að segja að sá þeirra slösuðu sem fyrr náði sér mun hafa farið ásamt hjálparmanni sínum seinna um vorið og ef til vill náð skipi á Papós. Hinn, sem meira var slasaður, stýrimaðurinn af *L'Oiseau*, var sóttur af frönsku herskipi í ágúst. Sama herskipið kom svo aftur inn á Hornsbót í júní sumarið eftir (1874) og færði Hornsbændunum Eyjólf og Sigurði margskonar smíðaáhöld; hefilbakk, sagir og margt fleira. Bændurnir fengu einnig heiðurskjöl og gullmedaliur frá frönskum stjórnvöldum sem virðingar- og þakklætisvott fyrir björgun og umönnun sjómanna sem komust af. Hélt Eyjólfur mjög upp á viðurkenningarnar og bar hann hið „frakkneska“ heiðursmerki við ýmis hátíðleg tækifæri.

Allt í allt munu að minnsta kosti 76 lík franskra sjómanna hafa verið jarðsett í Holtum á Mýrum, Bjarnanesi í Nesjum og að Stafafelli í Lóni en margir hlutu einnig vota gröf. Talið er að allt að eitt hundrad franskir sjómenn hafi farist í þessu sjóslysi í mars 1873 og er þetta eitt mannskæðasta sjóslys sem sögur fara af við strendur Íslands. Um þessar mundir eru 150 ár liðin frá þessum miklu mannsköðum og því var tilefni til þess að minnast þeirra. Samantekt þessi er hluti af víðameira verkefni sem unnið er að á vegum Þórbergssseturs.



Heiðurskjal frönsku stjórnarinnar til Eyjólfss Sigurðssonar á Horni



HEL SAN Í FYRIRRÚMI
Mikið úrval af rúmunum og dýnum í mörgum stærðum og gerðum.
Glæsilegt úrval af skartgripum aldrei verið meira úrval
opið virka daga frá kl. 13:00-18:00
Þorláksmessa frá kl. 13:00-22:00
aðfangadag frá kl. 10:00-12:00
verið velkomin



Símar:
478-2535 / 898-3664



Starfsfólk Þrastarhóls ehf. sendir
viðskiptavinum og öðrum lesendum
Eystrahorns beztu óskir um gleðileg jól.
Óskum ykkur alls góðs á komandi ári og
þökkum góð samskipti á liðnum árum.
Guðbjartur, Birna og Agnes

Við sendum Hornfirðingum okkar allra bestu
kveðjur um gleðileg jól og farsælt komandi ár.
Við þökkum gott samstarf á liðnu ári.



Kristín G. Gestsdóttir og Jóhann Morávek

Óskum viðskiptavinum og Hornfirðingum
öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á
nýju ári.



Kæru Hornfirðingar, ég óska ykkur gleðilegra jóla,
farsældar og friðar á komandi ári og þakka fyrir
viðskiptin á liðandi ári.
Ég mun áfram koma í vinnuferð annan hvern
mánud á nýja árinu.



Anna Vilborg Sölmundardóttir
fótaaðgerðafræðingur

Sendi sýslubúum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða



Dr. með vet.
Janine Arens



Óskum viðskiptavinum okkar
sem og öllum Austur-Skaftfellingum
gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.



H. Christensen ehf.

Við sendum Hornfirðingum hugheilar jóla-
og nýárskveðjur. Með þökk fyrir viðskiptin á
árinu sem er að líða



Við sendum Hornfirðingum hugheilar jóla- og
nýárskveðjur. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem
er að líða



Óskum vinum og ættingjum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



Jólakveðja
Steinunn og Magnús

Okkar bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld á komandi ári, með þökk
fyrir hið liðna.



Reynir og Svandís.
Vesturbraut 21, Höfn.

Við óskum vinum Hafsins og Hornfirðingum
öllum gleðilegra jóla og þökkum fyrir
viðskiptin á liðnu ári.

Við hlökkum til að skemmta okkur
saman á nýju ári



Sendum Austur-Skaftfellingum
og öðrum landsmönnum
hugheilar jóla- og nýárskveðjur
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Húsgagnaval Jóhann og Óla



Okkar bestu kveðjur með ósk um gleðilega hátíð og farsælt nýtt ár. Þökkum árið sem er að líða



Úlfar og Unnur

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum árið sem er að líða



Gréta Stína og Sverrir

Kæru ættingjar og vinir. Sendum okkar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða.



Hátíðarkveðjur

Sigurður og Jóhanna, Stóruhálg



Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum

árið sem er að líða

Kær kveðja

Gugga og Siggí



Kæru ættingjar og vinir, gleðileg jól og farsælt komandi ár, þökkum fyrir liðin ár

Laufey og Óskar



Bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári, með þökk fyrir hið liðna.

Gréta og Ingvaldur



Ég sendi ættingjum og vinum hátíðarkveðjur og von um að nýtt ár færi ykkur öllum gæfu og gleði.



Anna Halldórsdóttir

Færi öllum vinum, ættingjum og samstarfsfólki í Austur-Skaftafellssýslu, mínar bestu jóla og nýárskveðjur. Þakka öll og liðnu árin. Guðjón Benediktsson og Beate, Sandaseli



Kæru ættingjar og vinir. Sendi mínar bestu jóla- og nýársóskir með þökk fyrir árið sem er að líða.



Hátíðarkveðja Guðni Karls

Ég óska skyldfólki mínu og vinum gleðilegra jóla og gæfuríks nýárs. Þakka fyrir liðnu árin



Með hjartans kveðju
Friðrik Friðriksson, Hraunkoti

Sendi ættingjum og vinum innilegra jóla- og nýárskveðjur takk fyrir liðið ár.



Arnar Bjarnason

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga sendir félagsmönnum sínum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum, hugheilar jóla og nýárskveðjur, með þakklæti fyrir ánægjulegar samverustundir og gott samstarf á árinu sem er að líða. Hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári.



Jóla- og nýárskveðja
Ferðafélag Austur Skaftfellinga

Kæru ættingjar og vinir, gleðileg jól og farsælt komandi ár, þökkum fyrir liðin ár



Björk og Geir



SPJALLAÐ VIÐ HREFNU, KÖTU OG SVERRI - Í FÉLAGI HARMONIKKUUNNENDA Í HORNAFIRÐI OG NAGRENNI, F.H.U.H



Á sunnudagsmorgni, falletum haustdegi býður, Hrefna stjórnarmeðlimum heim í stofu í spjall. Harmonikkann hljómar í sveiflandi valsei og í stofunni er morgunverðarhlaðborð hvar þremmingarnir sitja með morgunkaffið og spjalla.

„Má ég ekki eiginlega kalla ykkur framkvæmdanefndina? Það er nú afrek að setja í gang árlegan menningarviðburð á aðeins fáum árum. Mér skilst að þetta hafi verið viðburðarrík en skemmtileg sex ár sem þið hafið starfað svona ótullega að uppbyggingu félagsins?“

Þremmingarnir skiptast á skemmtilegum minningum og skauta yfir það helsta sem á harmonikkudaga þeirra hefur drifið.

„Hér stendur í fundargerð“, segir Sverrir, „föstudagurinn 20. apríl 2018. Hrefna og Katrín hafa fengið aðstoðu í Litlu Sveitabúðinni, til að taka á móti gestum fyrir fyrsta Hagyrðingamótið, og boðið þar upp á dýrindis súpu og heimabakað brauð. Tekið var á móti 36 gestum að norðan.“ Hrefna og Katrín hlæja: „Jú, einmitt, þarna fórum við í kisturnar, sem voru tæmdar af dýrindis folaldakjöti og buðum í gúlassúpu og brauð sem allir virtust ánægðir með. Þetta var mjög skemmtilegt.“ Katrín hlær við og segir, „já, en það kom upp svolítið skondið atvik seinna, það var einhver sem minnstist á það síðar að hann borðar aldrei hrossakjöt.“ Þær stöllu skella upp úr og láta fylgja sögunni að þær hafi þá ákveðið að vera ekkert að auglýsa hvað þær höfðu boðið upp á þarna í móttökuveislunni.

„Já, var þetta fyrsta Hagyrðingakvöldið? Hafið þið alltaf tekið svona veglega á móti gestunum ykkar?“

„Já, þetta var fyrsta Hagyrðingakvöldið sem við höldum. Nei við erum nú ekki lengur að taka á móti gestunum með þessum hætti. Laufey á Smyrlabjörgum hefur blessunarlega tekið við því og býður upp á dýrindis kjötsúpu á föstudagskvöldinu fyrir gesti sem mæta þá.“ Sverrir vitnar í fundargerð að þetta hafi verið hið besta kvöld og allir hafi hlakkað til Hagyrðingakvölds aftur að ári liðnu.

„Það er greinilegt að hagyrðingakvöldin hjá ykkur festust í sessi strax frá upphafi.“

„Jú“, segir Hrefna og lítur á félagasvína; „það var nú svolítið gaman að þessu, vorum við ekki með fulla vasa af peningum þarna á fyrsta kvöldinu?“ Og þremmingarnir skella upp úr. „Jú, jú“, segir Sverrir, „við vorum öll með sitt hvert búntið í vasanum“ og það er hlegið dátt. Katrín: „Já, félagið átti ekkert af peningum, ég man ekki hvort það var 50 eða 80 þúsund, eftir kleinusöluna.“

Þremmingarnir minnst þess að það hafi verið til einhver smá sjóður, því stölluarnar hafi bakað kleinur í fjárföflun fyrir félagið, t.d. seldu þau kleinur og kaffi á humarhátíðarbas og einhvern tímann kleinur í pokum: „Verkskiptingin var mjög góð hjá okkur, við stelpurnar

steiktum kleinur og Sverrir var svo snöggur að selja kleinupokana að þær runnu alveg út, við höfðum bara varla undan.“ „Við erum svo svakalega ánægðar að hafa haft hann Sverri með okkur“ leggja þær áherslu á „því hann gengur svo fljótt og vel í málin og með snarræði sínu hefur hann nú reddað ýmsum uppákomunum í gegnum árin.“

Sverrir minnst þess að hafa verið með 100 þúsund kall í vasanum og að þær hafi haft með sér annað eins, öll tilbúin til að borga úr eigin vasa ef á þyrfti að halda til að láta kvöldið ganga upp. „En þetta lukkaðist nú allt mjög vel þó væri svolítið stressandi svona rétt á meðan“ segir hann. „Jú, jú, við vorum bara tilbúin að tæma af reikningunum hjá okkur til að láta þetta

ganga upp.“ segja þremmingarnir og skella upp úr. Áfram minnst þau fyrstu verka stjórnar. „Það var nú skondið þarna fyrir þetta fyrsta kvöld, því 18. janúar 2018 þá hittum við á fulltrúa frá karlakórnum í fundarhúsinu í Lóni, til að ræða hvort við ættum að halda saman Hagyrðingakvöld þarna á árinu. Þeim fannst hugmyndin heldur glannaleg og stukku ekki á vagninn. Á leiðinni heim af fundi voru þremmingarnir því í þungum þönkum en vildu ekki gefa hugmyndina upp á bátinn. Þau ákváðu því að hafa samband við Sveitahótelíð Smyrlabjörg, þar sem var tekið vel í hugmyndina, og þar hefur Hagyrðingakvöldið verið haldið allar götur síðan. „Og við þurftum að vera á hlaupum þarna, á síðustu stundu, man ég, að redda hljómsveit á ballið, því þeir sem höfðu ætlað að spila afbókuðu sig með litlum sem engum fyrirvara og við vorum því á hálfgerðum handahlaupum þarna að redda málum fyrir fyrsta mótið.“ Þremmingarnir brosa út í annað og eru sammála um að þetta sé alltaf jafn gaman þó stundum sé þetta heilmikil vinna og oft einhverjar uppákomur. Það má brosa að þessu eftir á

þó hafi stundum verið svolitill hamagangur í óskjunni meðan á því stóð.

„Þið hafið verið reynslunni ríkari árið eftir og ekki hikað við að telja í næsta kvöld?“

„Já, það var engin spurning, og árið eftir

fengum við til okkar frábært fólk; Hjálmar Jónsson sem stjórnanda, Ragnar Inga, Andrés frá Borgarfirði eystra og svo auðvitað okkar fólk, Kristínu og Snorra. Það var alveg frábært.“

Það má heyrna á þremmingunum að það eru margar skemmtilegar minningar með skemmtilegu fólki sem standa upp úr eftir þessi fyrstu og kröftugu ár í Félagi Harmonikkunnenda og það er ekki ósjaldan sem þau hafa rúnað saman um sveitirnar til að hitta fólk og fylgja verkefnum eftir.

„Já við höfum endasent um sveitirnar eins og þarf. Það var nú eitthvað, að sjá til þeirra frændsystkinanna, eitt skiptið sem við fórum í Hlíð og skruppum í fjárhúsin, þjattið á þeim“ minnst Katrín. „Já, þarna var Katrín komin með ilmvatnið sitt“ minnst Sverrir og Hrefna. „I love it“ skýtur Katrín inn í og hlær. „Það voru nú opnaðir bílguggarnir á leiðinni heim.“ bæta þau Sverrir og Hrefna við. „Jú, við höldum því fyrsta Hagyrðingakvöldið 2018 og höfum haldið þau á hverju ári síðan, núna árið 2023, í stjóttu sinn. Það var reyndar árið 2021 að Hagyrðingakvöldið átti að vera að vori til, en vegna covid þurftum við að fresta því fram á haustið 2021 og síðan þá höfum við haldið þessi kvöld á haustin.“

„Já, þið hafið s.s. náð að halda Hagyrðingakvöldin árlega þrátt fyrir covid?“

„Já“ segir Hrefna, og slær sér á lær, „Þetta slapp nefnilega til“ og við erum öll sammála um að það sé nú bara afrek út af fyrir sig. „En hvernig kemur stofnun félagsins til?“ Hrefna og Katrín rifja upp að Gunnar Kvaran hafi hringt í Hauk Þorvaldsson og lagt til að yrði stofnað félag harmonikkunnenda fyrir þetta svæði. Katrín snýr sér að Hrefnu; „Já, settum við þetta ekki í gang eftir spilavist í Ekru?“ sem tekur undir það.

Samkvæmt fundargerðarbók má sjá að á þennan fyrsta fund voru mættir 23, og eftir hann voru skráð í undirbúningsnefnd ásamt Katrínu og Hrefnu, þau Óskar og Jóhanna. Formlegur stofnfundur var svo haldinn 22. apríl, 2017, þar sem voru mættir 18 stofnfélagar, og þar bættist Sverrir í hóp stjórnar.

„Jú, þetta hefur verið ofsalega skemmtilegt, þó stundum liggja í þessu mikil vinna“ og þau eru sammála um og að hafa kynnst fjöldanum af dásamlegu fólki. „Þetta eru náttúrulega bara orðnir vinir okkar“ segja þær Hrefna og Katrín „eiginlega bara, má segja, eins og ein stór fjölskylda“. Sverrir tekur undir það og segir þetta heilan hóp í kringum stelpurnar.

„Já, þetta er bara svo ofsalega gaman og gaman að hitta allt þetta fólk. Við höfum ekkert verið að telja það eftir okkur að keyra landið þvert og endilangt á þessa viðburði, og við reynum að mæta á þá flesta“ segja stelpurnar. „Það eru heldur ekki ófá ævintýrin sem við höfum lent í á þessum harmonikkuferðalögum okkar“ halda þær hlæjandi áfram. „Eitt sinn vorum

við að fara austur á harmonikkuball. Við höfðum oftast verið í tjaldi en í þetta skiptið höfðum við fengið lánaðan tjaldvagn, og bara mjög ánægðar með það. Þegar við vorum komnar í Skriðdalinn sjáum við að það rýkur úr tjaldvagninum.“ Hrefna stekkur út og sér að það er ekki aðeins sprungið á tjaldvagninum, heldur er bara hreinlega ekki mikið eftir af dekkinu, dekkið er nánast farið, og farið að leka úr einu bíldekkinu líka. Það var náttúrulega hringt í vin og send af stað björgun. Daginn eftir var komið nýtt dekk á tjaldvagninn og við mjög vígalegar höldum með hann af stað í Svartaskóg á ball. Náum að smella upp tjaldvagninum áður en við drifum okkur á ballið, en þegar gleðin var búin og var farið að sofa var alveg agalega kalt og hvorug okkar gat sofnað dúr. Það endaði með því að Hrefna fór inn í bíl og ég í humátt á eftir“, segir Katrín og hlær „og þar sátum við saman nóttina. Morguninn eftir kom í ljós að það hafði gleymst að setja sveftjaldið í vagninn og að við höfðum bara legið þarna á einhverju stærðar gímaldi í næturgolunni.“ segja þær sposkar á svip. „Það var svo í annarri ferð, og í það skiptið vorum við nú með tjald. Klukkan var orðin eitthvað margt og við rétt náðum

að setja upp tjaldið áður en við drifum okkur beint á ballið, við hugsuðum með okkur að græja bara allt annað eftir ball. En þegar við komum út af ballinu þá er orðið svo kalt að það er nánast hvít jörð af hrími. Við ætlum nú auðvitað að setja hitarann í gang. Nei, heldurðu ekki að ansans rafmagnssnúran sé ónýt. Það er svo kalt að það endar með að við setjumst inn í bíl með koniakspela sem við höfðum með okkur“ segja stóllurnar og veltast um af hlátri. Þær ná að klára söguna „og þar sátum við til klukkan 7 um morguninn, þegar sólin fór að skína, því þá var loksins orðið svo heitt og gott að við gátum farið að sofa.“ Segja þær skellihlæjandi. „Daginn eftir voru auðvitað allir boðnir og búnir að aðstoða og vinur okkar lánaði okkur rafmagnssnúru fyrir hitarann. Hann hafði ekki lítið gaman af því að láta okkur svo vita að hann þyrfti að taka okkur úr sambandi, segja þær og hlæja dátt. Jú, eftir þetta vorum við kallaðar Frostrósirnar.“ segja þær og skella upp úr.

„Þetta er nú bara farið að minna á gamlar útihátíðasögur í „den tid“

„Einhverntímam fórum við einmitt um Kjöl í svona kuldatið og hrími, þá þurftum við nú einmitt að setjast aðeins að með pelann. Já, það hefur stundum borgað sig að hafa hann með“, segja þær hlæjandi.

„Þið hafið s.s. keyrt alveg þvers og kruss um landið á sem flesta Harmonikkuvíðburði?“

„Já, algjörlega. Þetta er bara svo skemmtilegt að við höfum aldrei talið það eftir okkur að keyra landshlutanna á milli. Einhvern tímann keyrðum við heim, beint eftir ball, frá Egilsstöðum“ segja þær, „Og Hrefna keyrði beint suður í Örfæfi því hún átti að vera mætt í vinnu þarna skömmu síðar, klukkan 7.“ bætir Katrín við og þær skella upp úr. „Maður yngist bara við þetta, þetta er til að hafa gaman og njóta lífsins“ eru þær sammála um. „Það eru til svo margar skemmtilegar sögur frá þessum góða félagsskap“ segja þær hlæjandi, að viðmælandi sér að það endist hvorki sunnudagurinn eða blaðsíðurnar fyrir fleiri í bili, en þakkar kærlega fyrir skemmtilega stund og gott kaffi. Það hlakka allir til næsta Hagyrðingakvölds, 2024.

JÓLAKVEÐJA FRÁ FÉLAGI ELDRI HORNFIÐINGA

Kæru félagar, um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls nýárs viljum við þakka góðar stundir á árinu. Starfsemin hefur verið blómleg í ár t.d. þorablót, farið í frábæra ferð á Mýrarnar í vor og nýlega var velheppnuð jólasamvera á “Heppu” hvar mættu 103 félagar. Við viljum líka þakka þeim sem komið hafa að starfinu í ár. Bæði þeim sem hafa verið með okkur á samverustundum, Ekrubandinu fyrir tónlist á vöfluböllum, Tónskólanum og því tónlistarfólki sem hefur skemmt okkur. Einnig veitingahúsaadilum, sem hafa framreitt fyrir okkur ýmsar kræsingar og fyrirtækjum sem hafa verið afar gjafmild við okkur. Einnig viljum við þakka sveitarfélaginu fyrir veittan stuðning. Við förum full bjartsýni inn í nýja árið og hvetjum félagar okkar til að taka virkan þátt í starfinu. Maður er manns gaman. Dagskrá vetrarins mun birtast fljótlega eftir áramótin, fylgist með á fésbókinni. Einnig er dagskráin ævinlega til staðar í Ekru. Kæru sýslubúar, Gleðileg Jól og farsælt nýár.

Stjórn FeH

ÞAKKIR



Hirðingjarnir gáfu fyrir í haust sófa í Kátakot, frístund Grunnskóla Hornafjarðar. Hann nýttist afar vel, þar er gott að tylla sér smástund, kíkja í bók eða spjall. Hirðingjarnir hafa oft reynst Kátakoti vel og t.d. fært börnunum skemmtileg leikföng. Við þökkum kærlega fyrir gjafirnar, nú sem fyrir.

Starfsfólk Kátakots

ÍSLANDSMEISTARI Í PÓKER

Starf pókerklúbbs Hornafjarðar hefur verið í sókn síðustu ár. Klúbburinn hefur sent fulltrúa á flest stærri póker mót Íslands og nokkur mót erlendis núna um árabíl. Velgengni klúbbsins á Íslandsmótum hefur vakið athygli meðal íslensku póker senunnar og samkvæmt heimildum stjórnarmeðlima PSI er pókerklúbbur Hornafjarðar eini virki klúbburinn á landsbyggðinni. Flestir meðlimir klúbbsins sem spilað hafa á Íslandsmóti í póker hafa unnið til verðlauna. Klúbburinn eignaðist loksins Íslandsmeistara í ár, Agnar Jökull Imsland Arason. Með honum á lokaborði var Johnro Derecho Magno sem endaði í 4. sæti. Það var þó ekki í fyrsta skipti sem meðlimir klúbbsins komast á lokaborð. Andri Már Ágústsson lenti í 4. sæti árið 2022, Agnar Jökull í 2. sæti árið 2021 og Jóhann Klemens Björnsson í 4. sæti árið 2016.

Stjórn klúbbsins stefnir á að bjóða upp á fleiri mót eftir áramót og vill endilega stækka hópinn. Klúbburinn í samstarfi við Örn Þornbjörns heldur sitt árlega jólamót 26. desember þar sem allir eru velkomnir.

Hvergi betra að læra mótapóker heldur en í góðum félagsskap með skemmtilegum hópi.



Mynd/Agnar Jökull Imsland Arason

Pókerklúbbur Hornafjarðar

Almennur Opnunartími Fab Lab

Þriðjudagar: 15:00 - 19:00
Fimmtudagar: 15:00 - 19:00

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Vöruhúss
sindriorn@hornafjordur.is / sími: 470-8475



Lifandi vatn
Lifandi vatn með lífandi lífverum

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænaundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við hlökkum til að sjá þig.

Jesús segir:
Ef nokkur þyrstir þá komi hann
til mín og drekki.
Ef þetta Jesús sem tróar á mig
munu renna
ljóð blátt vatn

Instagram Facebook

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2023. Frestur til tilnefninga er til miðnættis sunnudaginn 4. febrúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Við leitum að fólki í eftirtalin störf frá 1. janúar 2024

Kennari í vélstjórn

Starfshlutfall: 50-70%

Hæfnikröfur: Fagmenntun og kennsluréttindi í framhaldsskóla (æskileg), góð samskiptahæfni og áreiðanleiki.

Áhugasamir endilega sækid um.

Helstu verkefni og ábyrgð: Kennsla og skipulag náms.

Launakjör samkvæmt stofnanasamningi við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar um störf veitir skólameistari

Lind Völundardóttir - lind@fas.is

Nýheimum | 780 Höfn | Sími 470 8070 | www.fas.is



Opnunartími Sundlaugar Hafnar um jól og áramót

Starfsfólk Sundlaugar Hafnar óskar Hornfirðingum gleðilegrar hátíðar, og minnir á breyttan opnunartíma yfir jól og áramót.

23. desember Þorláksmessa	10:00 – 17:00.
24. desember aðfangadagur	08:00 – 12:00.
25. desember jóladagur,	Lokað.
26. desember annar í jólum,	Lokað.
27. desember	06:45 – 21:00.
28. desember	06:45 – 21:00.
29. desember	06:45 – 21:00.
30. desember	10:00 – 17:00.
31. desember, gamlársdagur	08:00 – 12:00.
01. janúar, nýársdagur	Lokað.
02. janúar	06:45 – 21:00.

Hátíðarkveðjur

starfsfólk íþróttamiðstöðvar Hornafjarðar.



Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir eftir traustum og áreiðanlegum einstaklingum til að gerast liðveitendur.

Markmið starfsins er að rjúfa félagslega einangrun, efla einstaklinga til sjálfstæðis í félagslegum samskiptum og gera þeim kleift að njóta félagslífs og menningar. Liðveitandi aðstoðar einstaklinginn við að auka virkni með það að leiðarljósi að einstaklingurinn gerist virkari þátttakandi í samfélaginu á sínum forsendum.

Stuðningur þarf að leitast við að vera góð fyrirmynd fyrir þjónustunotanda í orðum og gjörðum. Að vera stuðningur er skemmtilegt og gefandi starf sem getur t.d. hentað námsmönnum eða fólki í hlutastarfi.

Hæfniskröfur

- Áhugi og færni í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf til barna og ungmenna
- Hreint sakavottorð
- Aðeins 16 ára og eldri koma til greina.

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Helga Axelsdóttir forstöðumaður stuðnings- og virkniþjónustu á sigridurhelga@hornafjordur.is

Leikskólinn Sjónarhóll á Höfn leitar að öflugum liðsauka, leikskólakennurum, þroskþjálfum, leikskólalíðum eða öðru uppeldisfræðimenntuðu starfsfólki.

Um er að ræða almenn störf á deild, stöðu deildarstjóra og starf í stoðþjónustu

Helstu verkefni

- Uppeldi og menntun barna.
- Faglegt starf og samvinna starfsfólks á leikskólanum.
- Foreldrasamstarf.

Hæfnikröfur

- Leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari eða önnur menntun sem nýfist í starfi.
- Starfsreynsla á leikskólastigi æskileg.
- Áhugi á börnum og velferð þeirra.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki, jákvæðni og metnaður.
- Stundvísi, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslenskukunnátta.

Umsóknarfrestur er til 10. janúar 2024

Laun og starfskjör samkvæmt Kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknun skal skila á netfangið marianna@hornafjordur.is. Með umsókn skal fylgja afrit af menntunargögnum ásamt ferilskrá og meðmælendum. Frekari upplýsingar veita Marianna í síma 4708491.

Áhugasamir af öllum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Athygli er vakin á því að við ráðningu leikskólastarfmans er óskað eftir sakavottorði og að umsóknir geta gilt í 6 mánuði eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Lausar íbúðarlóðir á Höfn

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir lausar íbúðarlóðir á Höfn tilbúnar til úthlutunar. Um er að ræða lóðir við Sandbakkaveg og lóðir í fyrsta áfanga í þéttingu byggðar.

Yfirlit yfir lausar lóðir er að finna á slóðinni <http://map.is/hofn/> undir flípanum „lóðir til úthlutunar“. Hægt er að nálgast þar mæliblöð lóða, skipulagsuppdrætti og gildandi skipulagsskilmála (þar sem við á).

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi sérskilmála sem gilda um lóðir í þéttingu byggðar: „Við skil aðaluppdráttu vegna umsóknar um byggingarleyfi skal lóðarhafi leggja fram áætlun um fyrirhugaðar jarðvegsframkvæmdir og greinargerð burðarþolshönnuðar um að framkvæmdir þessar valdi ekki skemmdum á nærliggjandi lóðum eða þegar byggðum mannvirkjum. Gerð hefur verið jarðvegskönnun á svæðinu sem taka skal tillit til við útfærslu á grundun nýrra húsa. Rask innan hversrar lóðar taki að hámarki 2 ár.“ Með „jarðvegskönnun“ er átt við mælingar á jarðvegsdýpt, en upplýsingar um hana er hægt að finna á viðeigandi mæliblöðum.

Raðhúsaloðir að Silfurbotn 1, 3 og 5 verða úthlutaðar saman. Séu meðumsækjendur (þeir sem sækja saman) um þessar lóðir, skal tilnefna þá í umsókn og skilgreina hvaða lóðir þeir sækja um (1, 3 eða 5).

Mikilvægar breytingar á sorphirðu í sveitarfélaginu um áramót!

Þegar við nálgumst nýtt ár viljum við upplýsa íbúa um fyrirhugaðar breytingar á sorphlokkun í sveitarfélaginu. Þessar breytingar samræmast nýjum lögum um meðhöndlun úrgangs og miða að því að stuðla að hringrásarhagkerfi og sjálfbærari úrgangsstjórnun og lífsstíl í samfélagi okkar.

Samkvæmt lögum er heimilum í þéttbýli nú skylt að flokka úrgang sinn í fjóra aðskilda flokka: pappír og pappa, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang. Heimili á landsbyggðinni byrja með þrjá flokka: pappír og pappa, plastumbúðir og blandaðan úrgang.

Til að uppfylla lögin verður fyrirkomulagi tunna við hús breytt. Gjaldskrá fyrir sorphirðu fer eftir tunnunum sem þú velur. Að velja stærri eða fleiri tunnur mun hafa í för með sér hærra sorphirðugjald. Markmið „borgaðu þegar hent er“ nálgunarinnar hvetur til flokkunar úrgangs og endurvinnslu og er ætlað að minnka magn blandaðs úrgangs til urðunar.

Hægt er að finna ítarlegar upplýsingar um þessar breytingar, þar á meðal nýtt tunnufyrirkomulag og gjaldskrárskipulag, á heimasíðu sveitarfélagsins. Að auki verður skráning á tunnufyrirkomulagi opin á íbúagáttinni frá 2. janúar í tvær vikur. Húseigendur þurfa að skrá sig inn og velja fyrirkomulag fyrir tunnur á sínu heimili. Fyrir íbúa í fjölbýli þurfa ákvarðanir um fyrirkomulag að vera teknar af viðkomandi húsfélagi.

Til að aðstoða íbúa við að kynna sér nýtt tunnufyrirkomulag og aðstoða við skráningarferlið munum við standa fyrir tveimur viðburðum í Nettó á skráningartímanum. Tímasetningar verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins og facebook, svo vinsamlegast fylgjst með.

Við biðjum ykkur vinsamlegast að fylgjast vel með þessum breytingum á nýju ári. Nauðsynlegt er að vera meðvitaður um nýju reglurnar um meðhöndlun úrgangs og að klára skráningu á tunnur tímanlega.

Við óskum þér gleðilegs og umhverfisvæns nýs árs!

Important Changes to Waste Management in the Municipality for the New Year!

As we approach the new year, we want to inform you about significant changes in our waste management practices. These changes align with the new waste management law and aim to foster more sustainable waste management practices and lifestyles in our community.

Under this law, urban households are now required to sort their waste into four distinct categories: Paper and cardboard, Plastic packaging, Food scraps, and Mixed waste. Rural households will start with three categories: Paper and cardboard, Plastic packaging, and Mixed waste.

To support this system, new bin settings will be introduced. Your waste management tariff will depend on the bins you select. Choosing larger or more bins will result in a higher waste management fee. This "pay as you throw" approach encourages waste reduction and recycling.

You can find detailed information about these changes, including the new bin settings and tariff structure, on the municipality website. Additionally, bin registration will be open on the resident portal from January 2nd for a two-week period. The homeowner will need to log in and register the bin settings. For residents in apartment buildings, bin decisions will be made by the housing association, which will coordinate with the municipality accordingly.

To help residents familiarize themselves with the new bin settings and assist with the registration process, we will be hosting two events at Nettó during the registration period. Specific event times will be posted online, so please stay tuned for updates.

We kindly request that you pay close attention to these changes as we enter the new year. It's essential to be aware of the new waste management rules and to complete your bin registration in a timely manner.

We wish you a wonderful and environmentally friendly new year!

ÁRIÐ Í VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐI – HELSTU VÖRÐUR ÁRSINS 2023 Á SUÐURSVÆÐI

Fjölmarginir gestir leggja leið sína í Skaftafell og á Breiðamerkursand allt árið um kring. Margir koma á eigin vegum til að skoða náttúruperlurnar en einnig eru samlegðaráhrif þar sem margir koma á svæðið til að nýta þjónustu afþreyingarfyrirtækjanna sem starfa innan þjóðgarðs og skoða þá fleira í leiðinni - eða öfugt, koma til að skoða náttúruperlurnar og skella sér síðan í ferð hjá einhverju afþreyingarfyrirtækjanna. Frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst er boðið upp á fræðslugöngur með landvörðum og allt árið eru sérgöngur sem auglýstar eru sérstaklega, því hvetjum við lesendur til að fylgja Skaftafellsstofu og Jökulsárlóni á samfélagsmiðlum eða líta við á heimasíðu þjóðgarðsins.

Mannamót 2023 – Suðursvæði fer á Mannamót

Í janúar 2023 fór starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs á Mannamót sem haldið var í Kórnum í Kópavogi. Vatnajökulsþjóðgarður hefur tekið þátt undanfarin ár og hefur sú hefð skapast að skipta þátttöku milli svæða. Í ár var komið að starfsfólki Skaftafells, Breiðamerkursands og Hafnar að kynna sitt svæði, sem og þjóðgarðinn allan. Markmið og tilgangur viðburðarins er að skapa vettvang þar sem þjónustuaðilar og fyrirtæki á landsbyggðinni fá tækifæri til að kynna sína sig og vöruframboð sitt fyrir ferðaðgjafmönnum sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í heimsókn á Höfn



Frá heimsókn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, á Höfn í febrúar 2023

Þann 1. febrúar tók starfsfólk suðursvæðis og aðalskrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs á móti Guðlaugi Þór Þórðarsoni, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, á skrifstofum Vatnajökulsþjóðgarðs í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Nýr stjórnarformaður, Jón Helgi Björnsson, var einnig með í för ásamt starfsfólki umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Í samtali við ráðherra var áhersla lögð á uppbyggingu á framtíðaraðstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs á Höfn, en flutningur á aðsetri og lögheimili þjóðgarðsins varð

1. september 2022. Mikil samstaða og samstarfsvilji er á milli Vatnajökulsþjóðgarðs og Sveitarfélagsins Hornafjarðar um uppbyggingu á húsnæði á Höfn, bæði skrifstofur og aðstöðu til þess að taka á móti og fræða þá gesti sem heimsækja svæðið.

Eldur, ís og mjúkur mosi fær styrk frá Barnamenningarsjóði Íslands

Í vor fékk verkefnið Eldur, ís og mjúkur mosi styrk úr Barnamenningarsjóði. Vatnajökulsþjóðgarður og Náttúruminjasafn Íslands standa fyrir verkefninu í samstarfi við listafólk og skóla í nágrenni þjóðgarðsins. Á suðursvæði eru bæði Grunnskóli Hornafjarðar og Grunnskólinn í Hofgarði samstarfsaðilar að verkefninu og hafa nú þegar farið í fyrstu smíðurnar með listakonunum Evu Bjarnadóttur og Hönnu Dís Whitehead sem fengust til að taka verkefnið að sér í Örafum og á Höfn. Verkefnið fellur vel að markmiðum þjóðgarðsins er varðar fræðslu til nærsamfélags og skóla. Einnig styrkir það listamenn í heimabyggð og skapar umræður og viðburði sem tengjast náttúruvernd.

Sumarstarfsfólk kemur til starfa í Skaftafelli og á Breiðamerkursandi

Á hverju vori flykkist sumarstarfsfólk til okkar, eins og farfuglarnir, og gefur svæðinu meiri lit og líf. Starfsfólkið er undirstaða starfsemi okkar og sumarstarfsfólkið er dýrmætir hlekkir í þjónustukeðjuna okkar, hvort sem það er í Skaftafelli, á Breiðamerkursandi eða annars staðar í þjóðgarðinum. Það sinnir mikilvægu viðhaldi á göngustígum, fer í fræðslugöngur með ferðafólk hvaðanæva úr heiminum, upplýsir ferðafólk og aðstoðar ásamt því að halda svæðinu snyrtilegu fyrir gesti.

Ný gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs – innheimta svæðisgjalda á Jökulsárlóni

Í sumar hóf Vatnajökulsþjóðgarður að innheimta þjónustugjöld á Breiðamerkursandi. Verkefnið tókst vel og hefur Vatnajökulsþjóðgarður með þessu styrkt rekstur svæðisins á Breiðamerkursandi svo um munar.

Auglýst eftir samningum um atvinnutengda starfsemi

Þann 1. ágúst var auglýst eftir umsóknum um samninga um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði. Samningarnir eru fyrir rekstraraðila sem vilja bjóða upp á íshellaferðir og/eða jökलगöngur á Breiðamerkursandi, Falljökli/Virkisjökli og/eða Skeiðarárjökli. Samningarnir gilda frá 1. október 2023 til 30. september 2024. Ekki var um eiginlegan umsóknarfrest að ræða því aðilar geta hvenær sem er sótt um að fá samning, en markmiðið er að umsóknir sem berast eftir 1. október

verði afgreiddar á 30 dögum. Því miður hefur ferlið dregist dálítið, en þegar þetta er ritað eru fimmtán fyrirtæki með fullfrágengna samninga. Eitthvað vantar enn þá upp á hjá tólf fyrirtækjum til viðbótar, en það horfir vonandi til betri vegar fljótlega.

Hræðsluganga á Höfn 2023

Þegar skammdegið fer að teygja arma sína lengra inn í dagana getur verið spennandi að takast á við myrkrið með því að fara aðeins út fyrir upplýstar götur og gangstéttir. Landverðir á Höfn buðu í Hræðslugöngu seinnipart föstudagsins 27. október. Var þetta þriðja árið sem ungir sem aldnir, vopnaðir vasaljósi og heitu kakói, mættu til myrkragöngu á Höfn. Að þessu sinni gengu hátt í 80 hugrakkir einstaklingur út frá golfskálanum á Silfurnesvelli. Stoppað var reglulega á stígnum meðfram leirunni og hlýddu gestir á draugalegar frásagnir fyrri tíma sem í ár voru tileinkaðar konum í tengslum við kvennaverkfall sem var í október.

Uppsetning á nýrri fræðslusýningu í Skaftafelli

Búið er að hanna nýja sýningu inn í gestastofuna í Skaftafelli og í desember hófst vinna við við að koma henni upp. Árið 2022 var lokið við uppsetningu á nýju fræðslutorgi framan við Skaftafellsstofu þar sem gestir geta kynnt sér fróðleik af ýmsu tagi varðandi Skaftafell, Vatnajökul og Vatnajökulsþjóðgarð. Í góðu veðri er yndislegt að rölta um og skoða myndir og fróðleik á fræðslutorginu og þar má iðulega sjá bæði einstaklinga og hópa. Flestir gesta okkar koma í Skaftafell til að njóta náttúrufegurðarinnar, en það kemur þó vissulega fyrir að veðrið freistar fólks til að eyða tíma innandyra. Við hlökkum því mikið til dagsins sem nýja sýningin í gestastofunni verður tilbúin, sem verður á nýju ári.



Uppsetning á nýrri fræðslusýningu í Skaftafelli í fullum gang

Starfsfólk þjóðgarðsins á suðursvæði þakkar fyrir árið sem er að líða og við hlökkum til að taka á móti ykkur öllum á nýju ári.



Austurbraut 20 Sími: 662-8281

Útgefandi: Eystrahorn ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Netfang: arndis@eystrahorn.is Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

*Skinney – Þinganes óskar
starfsfólki sínu, viðskiptavinum
og Hornfirðingum öllum
gleðilegra jóla og þakkar
samstarfið á liðnu ári*



Sendum fjölskyldu, ættingjum
og vinum hugheilar jóla og
nýárskveðjur.

Þökkum liðin ár.

Hjalti Egilsson,
Birna Jensdóttir og
fjölskylda á
Seljavöllum



MÁLNINGARÞJÓNUSTA
HORNA

Óskum öllum Austur-Skaftfellingum
gleðilegra jóla og nýárs.
Þökkum viðskipting á árinu
sem er að líða.



Félag Harmonikkunnenda á
Hornafirði og Nágrenni
óskar vinum og félögum og
öllum harmonikku-unnendum
Gleðilegrar hátíðar
með ósk um farsæld á komandi ári.
Hlökkum til að sjá ykkur öll á nýja árinu.
Jólaþakveðjur

Starfsfólk Nýheima
þekkingarseturs
óskar öllum

Gleðilegra jóla

Með von um farsælt komandi ár.
Þökkum samstarfið á árinu sem er að líða.

 NÝHEIMAR
ÞEKINGARSETUR

Óska viðskiptavinum og
Hornfirðingum gleðilegra jóla og
farsæls nýs árs.

Þakka viðskiptin á árinu
sem er að líða

 RH-LAGNIR
ÞÍPULAGNAVERKTAKI

Jólaball
Kvenfélagsins Vöku

Verður í Mánagardi þann 27. des kl 16:30.
Frítt inn og öll velkomin

Árlega 3 kvöldar spilað Kvenfélagsins

Hefst í Mánagardi þann 27. des kl 20:00.
Adgangseyrir eru 1500 kr.
Svo verður spilað 3. jan og að lokum 10. jan

*AFL Starfsgreinafélag,
stjórn og starfsfólk, óskar þér
og fjölskyldu þinni gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.*





Hinir árlegu aðventu- og styrktartónleikar voru haldnir í Hafnarkirkju sunnudaginn 17. desember sl. Viljum við félagar í Karlakórnum Jökli þakka öllum fyrir hátíðlega samverustund og ekki síst öllum þeim listamönnum sem þar komu fram,- Lúðrasveit Hornafjarðar,- Tónskóli Hornafjarðar með þeim Kötlu Hjaltadóttur og Eygló Evu Hildeblom sem bræddu hjörtu allra sem hlustuðu og eiga þær þakkir fyrir, Hljómsveitin Fókus með sín frumfluttu lög,- Dagmar og Elínu Óskarsdætur fyrir einlægán og hátíðlegan flutning, Gleðigjafa með sín lög og má nefna sérstaklega lagið Kirkja ómar öll,- Samkór Hornafjarðar fyrir þéttan söng,- Staka Jaka,- Kvennakór Hornafjarðar með sinn fallega söng og ljósameisturunum Þorsteini og Ingólfi sem alltaf hafa staði þétt við bakið á okkur.

Eins og fram kom á tónleikunum rann allur ágóðinn í Styrktarsjóð Hornafjarðar, við endanlega talningu safnaðist um 456.500 kr. sem gjaldkeri kórsins sér um að leggja inn á uppgefinn reikning.

Að lokum viljum við í Karlakórnum Jökli óska



Austur-Skaftfellingum gleðilegra Jóla og farsældar á nýju ári.



Gleðilega hátíð



Sendum okkar bestu óskir um gleði, frið og góðar stundir yfir hátíðarnar til allra Hornfirðinga. Þökkum starfsfólki okkar og viðskiptavinum fyrir árið sem er að líða. Hátíðarkveðja





ÞORVALDUR ÞÓSSAR

Nú líður senn að jólum. Jólahátíðinni fylgir friður og gleði. Börnin hlakka til að taka upp pakkana og öll hlökkum við til að borða góðan mat og njóta samveru með fjölskyldunni og vinum.

En því miður eru nokkur þúsund Íslendingar sem ekki búa við efnahagslegar aðstæður sem gera þeim kleift að halda mannsæmandi jól vegna fátæktar. Þessi börn sem búa við að þessar aðstæður kvíða jóluþunum. Engar eða fátæklegar gjafir og jólamaturinn af skornum skammti. Enn viðgangast skerðingar þó að nokkrir ráðherrar hafi heitið því að bæta kjör þessa fólks. Loforðin hafa verið svikin. Ráðherra kom fram með þær fréttir að nú ætti að bæta nokkrum milljörðum í kjör fatlaðra og til þeirra sem eru verst settir. Það kviknaði vonarneisti en þegar þessi ágæti ráðherra sagði að þetta kæmi til framkvæmda 2025 brast sú von. Það er núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn um til skammar að fátækt skuli viðgangast á Íslandi.

Eystrahorn kemur út í síðasta sinn undir stjórn núverandi ritstjóra fimmtudaginn 21. desember. Ég vil færa Arndísi Láru ritstjóra og hennar fólki bestu þakkir fyrir að gefa út blaðið. Vonandi eru einhverjir tilbúnir til að taka við keflinu og halda útgáfunni áfram. Þetta er jafnframt minn síðasti pistill. Vonandi hafa þessir pistlar ekki sært neinn. Tilgangur þeirra var að reyna að skapa umræðu um þörf málefni okkar. Ég óska íbúum sveitarfélagsins gleðilegrar jólahátíðar og hamingju á komandi ári.

Bestu kveðjur Þorvaldur þóssari

Ættingjar og vinir um land allt.

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Innilegt þakklæti fyrir allt gott á liðnum árum. Fjölskyldan á Stapa



Óska vinum og ættingjum gleðilegra jóla og farsæls nýárs með þökk fyrir árið sem er að líða. Sérstakar kveðjur og þakkir fá vinir mínir sem aðstoðuðu og hjálpuðu mér við smalamennsku í haust.

Unnsteinn í Hvammi



Gleðilega hátíð & farsælt komandi ár

Kveðja frá starfsfólki Vatnajökulsþjóðgarðs

UPPSKRIFT VIKUNNAR

Pestókjúklingur eftir Maríu Hjördísi og Bergstein

Á árinu benti fyrrum vinnufélagi mér á þessa æðislegu uppskrift af pestó kjúklingi sem er frá grgs.is Verandi virkilega matvönd sjálf get ég með sanni sagt að þessi máltíð ætti að henta næstum öllum. Með þessu má bera fram ferskt salat, hrísgrjón, hvítlauksbrauð eða hvað sem hugurinn gírnist. Við ætlum að skora á matgæðingana Guðlaugu og Frey! Aðallega Frey samt...



Hráefni

4-5 kjúklingabringur (Úrbeinuð kjúklinglæri ennþá betri)
4 stk hvítlaufsrif, söxuð smátt
1/2 L matreiðslurjómi
1 krukka rautt pestó
1 stk piparostur
2 msk soyasósa
5-10 dropar tabasco sósa

Aðferð

1. Léttsteikja hvítlaukinn upp úr smjöri.
2. Bæta matreiðslurjóma, piparosti, rauðu pestói, soyasósu og tabasco sósu saman við.
3. Brúna kjúklinginn á annari pönnu og setja svo í eldfast mót.
4. Hella sósunni yfir bringurnar.
5. Eldfasta mótið síðan sett inn í 175 gráðu heitan ofninn í um það bil hálf tíma eða þar til kjúklingurinn er fulleldaður.

ORÐALEIT

JÓLABAKSTUR
HANGIKJÖT
SKÖTUVEISLA
AÐFANGADAGUR
PAKKI
TOBLERONE
MALT
APPELSÍN
KERTALJÓS
ÞORLÁKSMESSA
FJÖLSKYLDA
BORÐSPIL
NÝÁRSKVEÐJA

M	A	J	S	X	U	Y	R	E	F	J	I	R	A	P
G	A	L	L	R	N	Q	L	Z	Ó	K	K	U	P	A
S	D	L	S	D	X	I	V	L	K	E	B	G	P	D
B	B	L	T	I	P	Z	A	A	R	A	L	A	E	L
T	X	M	G	S	E	B	P	T	J	W	I	D	L	Y
J	B	W	Ð	K	A	V	A	F	T	N	Q	A	S	K
R	Z	R	U	K	U	L	U	J	R	R	D	G	Í	S
Q	O	M	S	C	J	Y	T	T	W	B	H	N	N	L
B	A	T	S	Ó	U	D	V	G	Ö	B	G	A	U	Ö
Q	U	B	S	T	L	O	O	Q	H	K	W	F	H	J
R	T	O	B	L	E	R	O	N	E	B	S	Ð	O	F
A	S	S	E	M	S	K	Á	L	R	O	P	A	O	W
B	N	Ý	Á	R	S	K	V	E	Ð	J	A	N	E	I
J	J	E	C	S	Z	V	S	C	Q	F	J	A	J	B
E	U	T	Ö	J	K	I	G	N	A	H	O	O	T	W

SPURNING VIKUNNAR

Hvað heldur þú að þú fáir í jólagjöf?



Daniel Haukur Baldvinsson
Ég veit að ég fæ skíðaferð



Sigmar Þór Sævarsson
Ég held ég fái nýja sokka



Lilja Jóhannesdóttir
Ást og umhyggju



Geir Þorsteinsson
Bók, ég reikna með Arnaldi

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Kæru Hörnfirðingar

*Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Heyrumst á nýja árinu.*





Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

*Sveitarfélagið Hornafjörður
óskar íbúum, starfsmönnum
og landsmönnum öllum
gledilegra jóla
og farsældar á nýju ári*

